



Haustfundur Kvasis 2009

Haldinn á Hótel Hamri í Borgarfirði dagana 30. september og 1. október

Dagskrá

30. september 2009

09:30	Morgunhressing	
10:00 - 10:10	Fundarsetning	
10:10 - 11:00	Kynning á Kompás – Mannauðs	<i>Björgvin Filippusson</i>
11:00 - 11:30	Kynningar frá Framvegis	<i>Guðmunda Smáradóttir</i>
11:30 - 12:00	Vefsíða Kvasis	<i>Smári Haraldsson</i>
12:00 - 13:00	Hádegisverður	
13:00 - 13:30	Markaðsmál Kvasis	<i>Inga Dóra Halldórsdóttir</i>
13:30 - 14:15	Kynning á Endurmenntun Háskóla Íslands	<i>Kristín Jónsdóttir og Hulda Mjöll Hauksdóttir</i>
14:15 - 14:45	Tæknimál – Menntabruin og FS-netið	<i>Jóhann Ingólfsson og Smári Haraldsson</i>
14:45 - 15:15	Kaffihlé	
15:15 - 16:00	Samningur við Fjölmennt	<i>Smári Haraldsson</i>
16:00 - 17:00	Önnur mál	

1. október 2009

09:00 - 10:30	Vottun fræðsluaðila – kynning á EQM	<i>Guðmunda Kristinsdóttir</i>
10:30 - 10:45	Morgunhressing	
10:45 - 12:30	Samræður við framhaldsskólann	
12:30 - 13:30	Hádegisverður	
13:30 - 14:30	Námsskeiðsmat	<i>Bryndís Kristín Þráinsdóttir</i>
14:30 - 15:00	Kynning á skólakerfinu My School	<i>Vilberg Helgason</i>
15:00 - 15:15	Kaffihlé	
15:15 - 16:00	Kynning á My School (framhald).	

Þátttakendur

Frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum:

- Frá Farskólanum - Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Bryndís Þráinsdóttir, Jóhann Ingólfsson, Margrét Björk Arnardóttir.
- Frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Smári Haraldsson, Helgi Ólafsson (í stjórn), Dagný Sveinbjörnsdóttir, Kristín Sigurrós Einarsdóttir.
- Frá Fræðsluneti Suðurlands. Ásmundur Sverrir Pálsson, Steinunn Kolbeinsdóttir.
- Frá Mími – símenntun. Hulda Ólafsdóttir, Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir



- Frá MSS-Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Guðjónína Sæmundsdóttir, Hjörleifur Þór Hannesson.
- Frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi. Inga Dóra Halldórsdóttir, Erla S. Olgeirsdóttir, Geirlaug Jóhannsdóttir (stjórnarformaður), Guðrún Lárusdóttir (í stjórn), Guðrún Vala Elísdóttir, Signý Jóhannesdóttir (í stjórn).
- Frá Símei - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Erla Björg Guðmundsdóttir, Arna Jakobína Björnsdóttir, (stjórnarformaður), Helgi Svavarsson, Hildur Betty Kristjánsdóttir, Jóhanna Sólrún Norðfjörð, Valgeir Magnússon.
- Frá Visku - miðstöð símenntunar í Vestmannaeyjum. Valgerður Guðjónsdóttir, Sólrún Bergþórsdóttir.
- Frá Þekkingarneti Austurlands. Stefanía G. Kristinsdóttir, Bergþóra Arnórsdóttir.
- Frá Þekkingarsetri Þingeyinga. Óli Halldórsson, Erla Dögg Ásgeirsdóttir, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Guðrún Ósk Brynjarsdóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir.

Gestir fyrri dag:

- Björgvin Filippusson, Kompás – Mannauðs.
- Guðmunda Smáradóttir, Framvegis – miðstöð um símenntun í Reykjavík.
- Hulda Mjöll Hauksdóttir, Endurmenntun Háskóla Íslands.
- Kristín Jónsdóttir, Endurmenntun Háskóla Íslands.

Gestir seinni dag:

- Ársæll Guðmundsson, skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar.
- Ásmundur Hilmarsson, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Guðbjörg Aðalbergdóttir, skólameistari Framh.skólans í Mosfellsbæ.
- Guðmunda Kristinsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir, aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands.
- Hildur Elín Vignir, Iðan – fræðslusetur.
- Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Kristín Njálisdóttir, Landsmennt, Ríkismennt, Sveitamennt.
- Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
- Vilberg Helgason, vegna forritsins *My School*.
- Þorkell V. Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Fundarsetning og kjör starfsmanna

Fundur hófst klukkan 10.

Formaður bauð fólk velkomið og stakk uppá Óla Halldórssyni sem fundarstjóra.

Var það samþykkt einróma.

Fundarritarar voru kjörnir Jóhann Ingólfsson og Smári Haraldsson.

Að því búnu var gengið til dagskrár.



Afgreiðsla einstakra dagskrárliða

1. Kynning á Kompás – Mannauðs

Björgvin Filippusson, stjórnunarráðgjafi kynnti Kompás – Mannauðs sem er fræðslu- og þekkingarvefur í mannauðsstjórnun með áherslu á hagnýt verkfæri, sem gætu t.d. gagnast Markvissráðgjöfum. Vefurinn er í eigu Kompás ehf. Slóð vefsíðunnar er www.huglausnir.is/hrmkompas

Samþykkt að fela stjórn að vinna málið áfram með Björgvin og að Erla Björg verði tengill stjórnar við Björgvin.

2. Kynning á Framvegis – miðstöð um símenntun í Reykjavík

Guðmunda Smáradóttir, framkvæmdastjóri, kynnti starfsemi Framvegis og ræddi mögulegt samstarf við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar. Guðmunda dreifði bæklingi um Framvegis og svaraði spurningum fundargesta.

3. Vefur Kvasis

Smári Haraldsson kynnti vef Kvasis www.fraedslumidstodvar.is, m.a. innri vef. Rætt var um uppsetningu vefjarins. Fram kom að réttast væri að raða efni s.s. fundargerðum inn á vefinn þannig að það nýjasta yrði efst og elsta neðst. Einnig kom fram að æskilegt væri að koma öllu efni Kvasis saman á einn aðgengilegan stað, svo sem á vefnum.

Valgerður í Visku benti á eina villu á vefsíðunni og sagði:

Hjá Visku slóðin vitlaus er
vandi er að finna.
Á viskave með bendil fer
Veljir þú henni'að sinna.

4. Markaðsmál Kvasis

Inga Dóra Halldórsdóttir innleiddi umræðu um auglýsingar og umfjöllun í fjölmiðlum og sameiginlega markaðssetningu miðstöðvanna. Minnti hún á sameiginlegt átaki flestra miðstöðvanna um marksssetningu í menntablaði sem dreift var með Morgunblaðinu seinnipart sumars. Hægt er að sjá það á slóðinni www.landogsaga.is


Fólk var sammála um að vinna ætti markvisst og gera plan til að auglýsa og markaðssetja á landsvísu það sem stöðvarnar eiga sameiginlegt, en hver stöð komi námsframboði sínu til skila á sínu svæði. Ýmsar hugmyndir komu fram um marksssetningu, svo sem að;

- gefa sameiginlega út eitt blað á ári með upplýsingum um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sjóði, aðrar fræðslu- og menntastofnanir, auk miðstöðvanna í Kvasi.
- auglýsa sérstaklega það sem sameinar okkur svo sem íslenska fyrir útlendinga, enska, námsskrár FA o.s.frv.
- ráða Jón Gnarr í tímabundið verkefni.

- dreifa DVD diskum sem verið er að gera með kynningarefni fyrir sjómenn.

Frekari úrvinnslu hugmynda var vísað til stjórnar.

Þá kynnti Inga Dóra Íslandskort sem dreift var í kynningarblaðinu í sumar og sýnir símenntunarmiðstöðvar Kvasis ásamt starfsstöðvum. Óskaði hún eftir umræðu um hvernig skilgreina skyldi starfsstöð eða námsver. Fór hver forstöðumaður yfir stöðuna á sínu svæði.



Smári lagði til að teknar yrðu saman upplýsingar um starfsstöðvar, námsver og aðra starfssemi eða búnað sem símenntunarmiðstöðvarnar, eða opinberir aðilar væru með, sem og hvort þar væri aðstaða fyrir nemendur á framhalds- eða háskólastigi. Á grundvelli þessa mætti svo vinna skilgreiningu á hugtökum.

Tillagan var samþykkt og þær Inga Dóra Halldórsdóttir og Stefanía G. Kristinsdóttir valdar til þessara upplýsingaöflunar.

5. Kynning á Endurmenntun Háskóla Íslands

Kristín Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri og Hulda Mjöll Hauksdóttir stjórnandi fjarnáms kynntu hvaða nám og námskeið EHÍ býður í fjarnámi og ræddu áframhaldandi samstarf byggt á þeim samningi sem EHÍ hefur gert við Kvasi. Sérstaklega óskuðu þær eftir upplýsingum frá miðstöðvunum og viðhorf til þess fyrirkomulags sem nú gildir.



Rætt um framsetningu á námskeiðum í fjarfundi frá EHÍ, auglýsingar og markaðssetningu til að efla þátttöku.

Töldu þær Kristín og Hulda Mjöll að EHÍ gæti ekki haldið áfram með þetta verkefni að óbreyttu þar sem ekki hefðu náðst nægilega margir þátttakendur að jafnaði á fjarnámskeið. Gerðu þær tillögu um að vera enn markvissari í námsframboði og setja viðmið fyrir lágmarkshópa á landsvísu en ekki á hverri stöð. Óskuðu þær eftir endurskoðun á samningi EHÍ og Kvasis til að þetta væri unnt. Jafnframt vildu þær að gjaldi yrði skipt hlutfallslega á milli EHÍ og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna, t.d. að símenntunarmiðstöðvarnar fengju 25% tekna, en EHÍ 75%.

Fundurinn samþykkti að taka samninginn til endurskoðunar og fól stjórn að vinna að endurskoðuninni fyrir Kvasi.

6. Tæknimál – Menntabréin og FS-netið

Jóhann Ingólfsson og Smári Haraldsson gerðu grein fyrir tillögum sínum að skiptingu kostnaðar af tengingu við FS netið, en þeir voru valdir af stjórn Kvasis til að vinna að því með Sigurbjörgu Jóhannesdóttur í menntamálaráðuneytinu. Gerðu þeir eftirfarandi tillögu um skiptingu kostnaðar:

Tengingin 2 Mb/s verði eining útfærslunnar. Hver eining er miðstöðunum jafndýr hver sem raunkostnaður við hana kann að vera. Tveggja og fjögurra Mb/s hraða tengingar verða jafndýrar, 10 og 20 Mb/s fá stuðulinn 1,5 (verða 50% dýrari), 30 og 40 Mb/s tengingar fá stuðulinn 2 (verða 100% dýrari) og 100 Mb/S tenging fær stuðulinn 2,5.

Þessi tillaga um kostnaðarskiptingu vegna FS netsins var samþykkt einróma.

Þá færði Jóhann fréttir af Menntabréinni frá Laufeyju Eiríksdóttur sem valin var til setu í stjórn Menntabréar f.h. Kvasis. Nú þarf að fara að uppfæra Menntabréuna eða finna aðrir lausnir í hennar stað. Leggur Laufey til að kosin verði þriggja manna starfshópur til að fara í þessa endurskoðun.

Fundurinn valdi þau Laufeyju Eiríksdóttur, Jóhann Ingólfsson og Óla Halldórsson í starfshópinn.

Haustfundur Kvasis staðfestir kjör Laufeyjar í stjórn Menntabréar.

7. Samningur við Fjölmennt

Smári Haraldsson kynnti drög að samningi við Fjölmennt við 7 símenntunarmiðstöðvar sem hann hefur unnið að fyrir hönd Kvasis (sjá hér aftar). Smári kynnti enn fremur hugmyndir að skiptingu fjármagns, þar sem tekið væri mið af fjölda fatlaðra samkvæmt upplýsingum frá Svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, íbúafjölda svæðisins og erfiðleikastuðul vegna landfræðilegra aðstæðna.

Rætt var um heppileg viðmið. Óli lagði til að fjármunum yrði fremur skipt í hlutfalli við íbúafjölda en eftir tölum frá Svæðisskrifstofum.



Smári kynnti enn fremur drög Fjölmenntar að skiptingu þeirra 10 mkr. sem til ráðstöfunar eru á haustönn 2009. Leggur Fjölmennt til að 8 mkr koma til skipta og 2 mkr verði skildar eftir til að hlaupa uppá. Framlag til svæðanna verði þannig:

Svæði	Hlutfallstala í %	Upphæð í millj. kr.
Vesturland	20.0	1.6
Vestfirðir	14.8	1.2
Norðurland vestra	12.0	1.0
Þingeyjarsýslur	5.0	0.4
Austurland	20.6	1.6
Vestmannaeyjar	6.0	0.5
Suðurnes	21.6	1.7
Samtals	100.0	8.0

Viðkomandi miðstöðvar samþykktu allar skiptingu kostnaðar á haustönn 2009, samkvæmt tillögum Fjölmenntar. Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

8.1) Háskólastoðir.

Erla Björg Guðmundsdóttir gerði grein fyrir Háskólastoðum í Eyjafirði, sem reknar eru í samstarfi við Keili. Nú vill Keilir gera samning við Símei um þessa starfsemi. Dreifði Erla Björg samningsdrögum og óskaði eftir umræðum um efni þeirra.

Þrátt fyrir ágæti háskólastoða komu fram alvarlegar athugasemdir við samningsdrögin.

Fundurinn felur stjórn Kvasis að fylgja umræðum á fundinum eftir í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

8.2) Tíu ára afmæli Kvasis.

Samtökin Kvasir voru stofnuð á Selfossi 31. maí 2000 og verða því 10 ára næsta vor.

Fundurinn samþykkti að halda uppá tíu ára afmælið og voru þau Ásmundur Sverrir Pálsson, Guðjónína Sæmundsdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir kjörin til að undirbúa afmælishátíð. Samþykkt var einnig að fela stjórn að skoða möguleika þess að láta taka saman sögu Kvasis í 10 ár.

8.3) Vorfundur Kvasis 2010.

Dreift var samantekt um staðsetningu, stofnfundar og vor- og haustfundi Kvasis.

Ár	Staður	Fundur	Dagsetning
2000	Selfoss	Stofnfundur	31. maí
2001	Sauðárkrókur	Haustfundur	1. – 2. nóvember
2002	Ísafjörður	Vorfundur	16. – 17. maí
2002	Selfoss	Haustfundur	23. – 24. október



2003	Eyjafjörður	Vorfundur	15. – 16. maí
2003	Vestmannaeyjar	Haustfundur	5. – 7. nóvember
2004	Reykjanesbær	Vorfundur	29. – 30. apríl
2004	Egilsstaðir	Haustfundur	18. – 19. nóvember
2005	Grundarfjörður	Vorfundur	25. – 26. apríl
2005	Húsavík	Haustfundur	25. – 26. október
2006	Sauðárkrókur	Vorfundur	30. – 31. mars
2006	Ísafjörður	Haustfundur	5. – 6. október
2007	Selfoss	Vorfundur	26. og 27. apríl
2007	Egilsstaðir	Haustfundur	16. – 17. október
2008	Akureyri	Vorfundur	9. og 10. apríl
2008	Vestmannaeyjar	Haustfundur	1. og 2. október
2009	Reykjanesbær	Vorfundur	26. og 27. mars
2009	Vesturland	Haustfundur	30. sept. og 1. okt.

Samþykkt að fela stjórn Kvasis að ræða við stjórn Leiknar um staðsetningu næsta vorfundur. Samkvæmt ákvörðunum aðalfunda Kvasis og Leiknar skulu vorfundir Kvasis haldnir með ársfundum Leiknar.

8.4) Samstarf milli símenntunarmiðstöðvanna innan Kvasis.

Hulda Ólafsdóttir varpaði fram þeirri spurningu hvort miðstöðvarinnar innan Kvasis gætu ekki haft meira samstarf sin á milli um keyrslu námskeiða.

Fundarfólk fögnuðu þessari ábendingu og tóku jákvætt í meira samstarf á þessu sviði.

Fram kom t.d. hugmynd um að miðstöðvarnar ræddu saman fyrir sumarleyfi um námsframboð næsta árs.

Fundurinn vísaði því til stjórnar að vinna að frekara samstarfi miðstöðvanna.

8.5) Kynningarefni á DVD.

Sólrún Bergþórsdóttir greindi frá því að kynningarefni fyrir sjómenn á DVD diskum væri nú að verða tilbúið. Hún bað forstöðumenn jafnframt um að senda sér nokkrar grunnupplýsingar til að setja á diskinn.

Fundi var frestað kl. 17 og farið í borgfirski óvissuferð.

Fundi var framhaldið kl. 9 fimmtudaginn 1. október 2009.

9. Vottun fræðsluaðila – kynning á EQM

Guðmunda Kristinsdóttir fjallaði almennt um gæðamál og sérstaklega um EQM gæðavottunarkerfið, sem er afurð tveggja Leonardo verkefna ALL og RECALL. EQM stendur fyrir European Quality Mark. Guðmunda dreifði upplýsingabæklingi og leiðarvísi fyrir EQM.

Miklar umræður urðu um nauðsyn þess að taka upp og nota gæðakerfi í fullorðinsfræðslunni.

10. Samræður við framhaldsskólann

Stjórn Kvasis hafði með bréfi til Guðbjargar Aðalbergsdóttur formanns félags framhaldsskóla óskað eftir að fulltrúar framhaldsskólans kæmu á haustfund Kvasis til viðræðna um samstarfs framhaldsskólans og fullorðinsfræðslunnar.

Spurningar sem framhaldsskólinn fékk til að glíma við voru:

- Umræður um mat á námskrám FA til eininga í framhaldsskólakerfinu.
- Hvaða áhrif hefur niðurskurður í formlega skólakerfinu fyrir nemendur sem hafa lokið námi samkvæmt námskrám FA?

Eftirfarandi fulltrúar frá framhaldsskólunum mættu til fundarins:

- Ársæll Guðmundsson skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar.
- Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands.
- Guðbjörg Aðalbergsdóttir skólameistari Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og formaður stjórnar félags framhaldsskóla.
- Skúlína Kjartansdóttir skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
- Þorkell V. Þorsteinsson aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Einkum var rætt um samstarf formlega og óformlega skólakerfisins. Voru fundarmenn sammála um mikilvægi þess að þessi stig hittust og ræddu málin, en jafnframt sammála um að símenntunarmiðstöðvarnar ættu að halda sjálfstæði sínu.

11. Námskeiðsmat

Bryndís Kristín Þráinsdóttir fjallaði um meistaraverkefni sitt þar sem hún skoðaði námskeiðsmat, sérstaklega í Grunnmenntaskólanum.

12. Kynning á My School

Vilberg Helgason kynnti notagildi skólakerfisins My School fyrir símenntunarmiðstöðvar og sýndi helstu möguleika kerfisins frá sjónarhornum starfsmanna, kennara og nemenda. Auk þess fjallaði hann um leiðir til að flýta fyrir innleiðingu kerfisins og möguleika á að samræma verklagsreglur til að flýta fyrir þróun og aðlögun kerfisins að þörfum símenntunarmiðstöðvanna.

Fundarslit

Formaður Inga Dóra Halldórsdóttir þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn, fundarriturum fyrir þeirra góðu störf og fundarmönnum fyrir komuna og sleit síðan fundi kl. 16.

Jóhann Ingólfsson, ritari. Smári Haraldsson, ritari. Óli Halldórsson, fundarstjóri.



Samningsdrög við
Fjölmennt